

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um þingsályktun um mæling 71 á uppsigling á Hvammsfjörð. — Eptir að ráðaneytinu hafði borizt þóknanlegt<sup>14. marz.</sup> brjef herra landshöfðingjans, dags. 12. desbr. f. á., þar sem þjer sendið þingsályktun samþykktá á síðasta alþingi um mæling á uppsigling á Hvammsfjörð, ritiði jeg sjóliðsstjórninni beiðni um, að gjöra svo fljótt sem því yrði við komið ráðstafanir til þess, að verða við óskum þeim, er nefnd þingsályktun hefur inni að halda, og sem alþingi hefur optlega í ljósi látið. Þessari beiðni hefur sjóliðsstjórnin með skírskotun til hjálagaðs álitsskjals frá formanni sjókorta, safnsins (Direktören for Sökortarkivet)<sup>1</sup> svarað þannig, að sökum hins sjerstak-

Brjef forstjóra sjókortasafnsins til sjóliðsstjórnarinnar hljóðar þannig:

Um leið og jeg samkvæmt fyrirmælum ráðaneytisins nýt þess heiðurs að senda skrá yfir mælingar þær, er jeg óska að eptirlitsskipið »Diana« inni af hendi á ferð þeirri til Íslands og Færeyja, er nú er fyrir hendi, skal jeg útaf erindi ráðaneytisins fyrir Ísland um mæling á uppsigling á Hvammsfjörð o. fl. taka það fram, er nú skal greina:

Á síðustu 10 árum hafa verið löggilt á Íslandi eigi all fá kaupún, þar sem landtaka er svo ill og svo erfíð aðsigling, að það er með öllu óskiljanlegt að þeir staðir skuli hafa verið valdir til kaupúna. Þetta, sem nú var sagt, á vel heima að því er Hvammsfjörð snertir og þá þrjá verzlunarstaði, sem nefndir eru í bréfi ráðaneytisins fyrir Ísland.

I sjóuppdrætti þeim, er hjer með fylgir, er mörkuð rauð lína; fyrir vestan hana hefur dýpið verið mælt, en fyrir austan hana er alveg ókannaður skerjagarður. Eptir því sem islenskir sjómenn hafa sagt mjer, þegar jeg hef dvalið á Íslandi, er einkum mynnið á Hvammsfirði stíflað, það er að segja dýpið milli skerjanna er svo lítið, að skip fljóta ekki, nema í einni mjórri röst; hefur verið reynt að koma þar inn smáskipum, og hefur það stundum heppnast, stundum misheppnast. Auk þess, hvað röstin er mjó, eru aðrir erfíðleikar og meiri, það er ódstreymi það, er í röstinni er. Munurinn á stórstraumsflóði og stórstraumsfjöru mun vera hjerumbil hinn sami þar eins og hjá Stykkishólmi, sem er rjett nálægt, en hann er þar 12 fet, og það er auðskilið, hve ákaflegur straumþungi hlýtur að verða í álunum, er liggja gegnum hinn nefnda skerjaklasa, þegar vatnshæðin breytist svo stórkostlega á eins miklum vatnsflieti og allur Hvammsfjörður er. Liggjandinn stendur að eins fjórðung stundar, og að eins á þeim tíma er mælt að róðrabátum og seglskipum sje fært, enda hafa tilraunir á öðrum tímum kostað bæði skip og mannlíf.

Það sem jeg hjer hefi sagt er ekki byggt á eigin rannsókn, heldur á því, er trúverðugir menn hafa sagt mjer, og sjóuppdrátturinn sýnir, að þessi lýsing getur naumast verið mjög fjarri sanni.

Það er af ýmsum ástæðum ómögulegt, að framkvæma djúpmælingar á þessum þessum stöðvum af herskipinu, er til Íslands fer. Í fyrsta lagi hefur skipið ekki meiri tíma afgangs en svo, að verkið, sem er mjög mikið, mundi standa mörg ár; skipið væri þá og fjarri þeim stöðvum, er ætlunarverk þess er að hafa eptirlit á, með því að útlendir fiskimenn koma ekki inn á innri hluta Breiðafjarðar; og loks er það vafasamt, hvort það væri yfir höfuð rjett og ráðlegt, að hætta skipinu svo mjög, að senda það inn í fullkomlega óþekktan skerjaklasa, þar sem finna þyrfti hvern klett í sjónum, án þess búast megi við neinni verulegri aðstöð til þess af hálfu landsmanna, fremur þar en annarstaðar á Íslandi.

Ef framkvæma skal slíka mælingu verð jeg að álita að hin bezta og jafnvel hin einasta aðferð, er heppnast geti, sje sú, að senda sjóliðsforingja ein-

**71** 14. marz. legu og óvenjulegu erfiðleika, er í nefndu brjefi er skýrt frá að sjeu á dýptarmælingu fjarðar þess, sem hjer um að ræða, geti hún, þótt sjer þyki það leitt, að minnsta kosti ekki að svo stöddu orðið við ósk ráðaneytisins fyrir Ísland um mælingar þær, sem er hjer um beðið.

Þetta er hjer með þjónustusamlega tjád yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B-deild stjórnartíðindanna.

**72** 20. apríl. **Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans á Ísafirði um kaup á jörð handa Ísafjarðarkaupstað.** — Eptir að hafa fengið þóknanlegt brjef yðar, herra bæjarfógeti, dags. 19. f. m. og skjöl þau, er því fylgdu, vil jeg hjer með samkvæmt beiðni bæjarstjórnarinnar á Ísafirði, fyrir mitt leyti veita samþykki það, er í skilyrðum er haft í 29. gr. laga nr. 23. 8. okt. 1883, til þess að hjáleigan Stekkjarnes verði keypt handa Ísafjarðarkaupstað með þeim kjörum, er hlutadeigandi prestur hefur boðið og sem í einu hljóði hafa verið samþykkt af bæjarstjórninni á fundi 3. nóvbr. f. á. þ. e. gegn 200 króna árlegu gjaldi úr bæjarstjórn til prestsins í Eyrarprestakalli. En til þess að sölu þessari geti orðið framgengt verður bæjarstjórnin að senda þaraðlútandi bænarskrá til konungs með venjulegum skilrikjum, þ. e. meðmælum safnaðarfundar og hjeraðsfundar, og ber að senda skjöl þessi prófasti til þess að hann aptur sendi þau ásamt ummælum sínum til stiptsyfirvaldanna áleiðis til landshöfðingja.

**73** 26. apríl. **Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu um leyfi til að halda lotterí (Ágrip).** — Með brjefi þessu var Goodtemplara stúkuni »Vorblómið« nr. 3 á Akranesi leyft að halda »lotterí«, um næstkomandi nýjár, til ágóða fyrir »samskotastjóð Goodtemplara í Ytri-Akraneshrepp« um tiltekna muni, virta samtals 120 krónur, þannig að gefnir væri út 2000 seðlar, og seldir á 1 kr. hver. Leyfið var bundið venjulegum skilyrðum.

**74** 27. apríl. **Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um breyting á lántökuleyfi handa prestakalli (Ágrip).** — Með brjefi þessu var leyft, að endurborgunarfrestur á láni því til handa Mosfellsprestakalli í Grímsnesi, er ræðir um í landshöfðingjabrjefi 8. apríl 1891, (Stjt. 1891, B. nr. 57, bls. 66) mætti vera 28 ár í stað 15 ára, ef hlutadeigandi prestur gæti fengið lánið með slíkum kjörum.

göngu í þessum tilgangi, og láta þá hafa til umráða 1 eða 2 gufubáta og að öðru leyti útbúnað til þess að liggja í tjöldum við mælingarstöðvarnar.

Vegna þess, sem jeg hef tekið fram hjer að ofan, er ekkert viðvikjandi Hvammsfirði tekið upp meðal þeirra rannsókna, er jeg óska eptir á þessu ári. Fylgiskjölin endursendast.

(Sign.) *Wandel.*